

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Garðahreppi, Gullbringusýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 150% álagi í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalbera.

9. janúar 1970.

Nr. 12.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Biskupstungnahreppi, í Árnessýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. janúar 1970.

Nr. 13.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7 22. febrúar 1966.**

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1970 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir sildar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. september 1970 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Þrátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegs-
málaráðuneytið, að fengnu álitu Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Ís-
lands, leyfi til veiði síldar á þessu svæði til niðursuðu eða annarrar vinnslu til
manneldis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísinda-
lega verndun fiskimiða landgrunnnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglu-
gerð nr. 44 31. marz 1969 um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar
nr. 7 22. febrúar 1966, svo og reglugerð nr. 172 29. ágúst 1969 um breytingu á
reglugerð nr. 44 31. marz 1969 um breytingu á reglugerð um bann við veiði smá-
síldar, nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Árnesbænda, Aðaldælahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Árnesbænda. Heimil þess og varnarþing er í Aðal-
dælahreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Árnes 1—2—3.

Hver stofnandi greiðir kr. 45 000.00 sem stofngjald og telst hann ekki full-
gildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatnt í fjós, þvottahús
og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald
og íbúðarhús.

Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábú-
enda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með
samþykki lögmeats aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á
félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur
skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður, sérstaklega hans vegna, til
þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaði að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöld-
um hlutum fyrir býli á félagssvæðinu: kr. 45 000.00. Skal hann greiddur af stofn-
gjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að
verða til vatnsveitunnar.